

**Henry B. Eyring**  
forseti

fyrsti ráðgjafi í  
Æðsta forsætisráðinu



# Hvetja þau til að biðja

Þegar ég var lítill drengur kenndu foreldrar mínir mér að biðja með eigin fordæmi. Í upphafi sá ég himneskan föður fyrir mér langt í burtu. Kynni mín af bæninni hefur breyst með árunum. Sú mynd sem ég dreg upp í huga mínum nú er að himneskur faðir er nálægur, umlukinn björtu ljósi og að hann gjörþekkir mig.

Sú breyting gerðist þegar ég hlaut vitnisburð um að sú frásögn Josephs Smith sem gerðist í Manchester, New York væri sönn:

„[Ég sá] ljósstólpa beint yfir höfði mér, skærari en sólin, og hann lækkaði hægt, uns hann féll á mig.

Hann hafði ekki fyrir birst en ég fann mig lausan undan óvininum, sem hélt mér föngnum. Þegar ljósið hvíldi á mér, sá ég tvær verur, svo bjartar og dýrðlegar, að ekki verður með orðum lýst, og stóðu þær fyrir ofan mig í loftinu. Önnur þeirra ávarpaði mig, nefndi mig með nafni og sagði, um leið og hún benti á hina — *Þetta er minn elskaði sonur. Hlýð þú á hann!*“ (Joseph Smith — Saga 1:16–17).

Himneskur faðir var í lundinum á þessum fagra vordegi. Hann nefndi Joseph með nafni. Og hann kynnti hinn upprisna frelsara heimsins sem sinn „elskaða son.“ Hvenær og hvar sem þið biðjist fyrir, megnar vitnisburður ykkar um þennan dýrðlega atburð að blessa ykkur.

Sá faðir sem við biðjum til er dýrðlegur Guð, sem skapaði heimana með sínum elskaða syni. Hann heyrir bænir okkar, líkt og hann heyrði bæn Josephs — jafn greinilega og ef þær væru fluttar í návist hans. Hann elskar okkur svo mikið að hann gaf son sinn sem frelsara okkar. Með þeirri gjöf gerði hann okkur mögulegt að hljóta ódauðleika og eilíft líf. Og hann býður okkur, fyrir bænir í nafni sonar síns, að eiga samskipti við sig í þessu lífi svo oft sem við kjósum.

Prestdæmishafar í Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu hafa þá helgu ábyrgð að „vitja heimilis sérhvers meðlims og *hvetja þá til að biðja upphátt og í leynum*“ (K&S 20:47; skáletrað hér).

Hægt er á marga vegu að hvetja aðra til að biðja. Við getum til að mynda vitnað um að Guð hafi boðið okkur að biðja ávallt, eða gefið dæmi úr ritningunum og miðlað af reynslu okkar um blessanirnar sem hljótast af því að biðja, ákalla og leita. Ég get til að mynda vitnað um þá vitneskju mína að himneskur faðir bænheyrir okkur. Ég hef hlotið leiðsögn og huggun af orðum sem í huga minn hafa komið og af andanum veit ég að orðin voru frá Guði.

Spámaðurinn Joseph Smith upplifði slíkt og það getið þið líka gert. Hann hlaut eftirfarandi svar við innilegri bæn sinni:

„Sonur minn, friður sé með sál þinni. Mótlæti þitt og þrengingar munu aðeins vara örskamma stund-

Og ef þú stenst það vel, þá mun Guð upphæfja þig í upphæðum“ (K&S 121:7-8).

Þetta var opinberun frá kærleiksríkum föður til trúfasts sonar í mikilli nauð hans. Sérhvert barn Guðs getur átt samskipti við hann í bæn. Engin bænahvatning hefur haft jafn mikil áhrif á mig og tilfinning kærleika og ljóss sem hafa borist með auðmjúkri bænagjörð.

Við hljótum vitnisburð um eitthvað boðorð Guðs með því að halda það boðorð (sjá Jóh 7:17). Sú er aunin hvað varðar boðorðið um að biðja upphátt og í leynum. Sem kennari ykkar og vinur heiti ég ykkur því að Guð mun svara bænum ykkar og fyrir kraft heilags anda getið þið sjálf komist að því að svarið er frá honum komið.

---

## HVERNIG KENNA Á BOÐSKAPINN

- „Myndir eru góður kostur til að undirstrika meginefni lexíu“ (*Teaching, No Greater Call* [1999], 176). Sýnið mynd af Joseph Smith eða Fyrstu sýninni. Ræðið upplifun Josephs Smith af bæninni. Á hvaða hátt yrðu bænir ykkar innilegri ef þið sæuð himneskan föður nærri ykkur, líkt og Eyring forseti gerir?
- Hugleiðið, líkt og Eyring forseti leggur til, að miðla vitnisburði ykkar um bænina, segja frá blessunum sem

rekja má til bænar ykkar eða segja frá ritningargreinum um bænina.

## ÆSKUFÓLK

### Trúarbæn mín

Priscilla Farias de Lima

Þegar ég var 18 ára starfaði ég sem sölumaður í húsgagnaverslun. Vinnudagur minn var afar langur. Ég vann frá átta á morgnana til tíu á kvöldin frá mánudegi til laugardags. Mér þótti leiðinlegt að geta ekki sótt trúarskólann og kirkjuviðburði.

Ég tók að biðja til himnesks föður af mikilli trú um hjálp við að finna starf þar sem ég þyrfti ekki að vinna á laugardögum, svo ég kæmist í trúarskólann og á aðra viðburði.

Dag einn veitti ég manni nokkrum aðstoð. Hann tók að ræða við mig og sagðist vinna í stórum banka. Ég spurði hvernig ég gæti sótt um starf í þeim geira. Hann gaf mér nafn sitt og símanúmer og sagði að ég gæti hringt í starfsmannastjórnann og borið því við að ég þekkti hann. Ég fór í bankann og lauk við nauðsynlegar prófanir. Ég stóðst þær og tók að vinna sex klukkustundir á dag frá mánudegi til föstudags, með þrefalt hærri laun en ég hafði áður.

Ég veit að Drottinn leiðir okkur þegar við þráum að hafa hann í fyrirrúmi. Hann leiðir mig enn í dag. Ég veit að regla bænar er sönn.